



FRAMHALDSAÐALFUNDUR

Í

VÁTRYGGINGAFÉLAGI ÍSLANDS HF.

Hinn 6. apríl 2016 kl. 17:00 var haldinn framhaldsaðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. („VÍS“), kt. 690689-2009, í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík. Um var að ræða framhald aðalfundar sem haldinn var hinn 16. mars s.l.

Stjórnarformaður félagsins, Herdís Dröfn Fjeldsted, setti fundinn. Herdís stjórnaði svo kjöri fundarstjóra. Samþykkt var samhljóða að Óttar Pálsson hrl. færi með fundarstjórn. Óttar lagði til að Guðbjörg Helga Hjartardóttir hdl. yrði kjörin ritari fundarins og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri lýsti því næst yfir að fundurinn væri lögmætur þar sem boðað hefði verið til hans í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 og 12. gr. samþykpta félagsins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun eða lögmæti fundarins. Fundurinn var sóttur af 70 hluthöfum og/eða umboðsmönnum þeirra, sem samtals fóru með 1.811.134.231 hluti í félaginu, eða 78,9% atkvæðisbærra hluta.

Því næst var gengið til dagskrár:

Kosning aðal- og varastjórnar

Tíu einstaklingar höfðu boðið sig fram í aðalstjórn félagsins og þrír í varastjórn. Skömmu fyrir fundinn hafði einn frambjóðenda til aðalstjórnar dregið framboð sitt til baka.

Fundarstjóri upplýsti fundinn um að fram hefði komið krafa um margfeldiskosningu innan lögbundins frests frá hluthöfum sem hefðu yfir að ráða meira en 10% hlutafjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, og yrði henni því beitt við stjórnarkjörið. Skýrði hann stuttlega út fyrirkomulag hennar og kynnti atkvæðaseðilinn sem fundarmenn myndu nota við kjörið.

Fundarstjóri minnti fundarmenn á ákvæði samþykpta félagsins um kynjakvóta og hvernig þær reglur hefðu áhrif á kjörið, sbr. 6. mgr. 19. gr. samþykktanna.

Hver og einn frambjóðandi kom í pontu og kynnti sig stuttlega áður en kjörið hófst.

Fundarstjóri bauð hluthöfum að taka til máls varðandi stjórnarkjörið. Enginn óskaði eftir því að tjá sig.

Að því búnu var gengið til skriflegrar atkvæðagreiðslu og var niðurstaðan eftirfarandi:

Aðalstjórn	Atkvæði
Benedikt Gíslason	2.539.509.741
Davíð Harðarson	64.266.719
Guðný Hansdóttir	207.812.768
Helga Hlín Hákonardóttir	1.551.020.654
Helga Jónsdóttir	477.962.295
Herdís Dröfn Fjeldsted	1.361.459.604
Jostein Sørvoll	1.547.979.899
Kristján Finnur Sæmundsson	0
Reynir Finndal Grétarsson	1.276.968.302

Varastjórn

Andri Gunnarsson
Guðmundur Helgi Þorsteinsson
Soffía Lárusdóttir

Atkvæði

1.202.042.718
948.988.371
520.970.709

Eftirfarandi einstaklingar náðu því kjöri til aðalstjórnar félagsins til næsta aðalfundar, sbr. 6. mgr. 19. gr. samþykka félagsins:

Benedikt Gíslason
Helga Hlín Hákonardóttir
Herdís Dröfn Fjeldsted
Jostein Sørvoll
Reynir Finndal Grétarsson

Eftirfarandi einstaklingar hlutu kjör sem varamenn í stjórn félagsins til næsta aðalfundar, sbr. 6. mgr. 19. gr. samþykka félagsins:

Andri Gunnarsson
Soffía Lárusdóttir

Önnur mál

Engin frekari mál voru á dagskrá fundarins. Gert var stutt hlé á fundinum til að ganga frá fundargerð, sem lesin var í lok fundar. Var fundargerðin því næst borin undir atkvæði hluthafa og samþykkt samhljóða.

Fundi var slitið kl. 18:33.


Óttar Pálsson hrl., fundarstjóri


Guðbjörg Helga Hjartardóttir hdl., fundarritari